



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA

Aðalstræti 12
415 Bolungarvík
nave@nave.is

Fornleifaskráning

*Vegna breytinga á deiliskipulagi
á landspildu í landi Brjánslækjar*

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

Október 2025

NV nr. 28-25


 NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA		Dagsetning mán/ár: Október 2025
Skýrsla nr: NV nr. 28-25	Verknúmer: 720	Dreifing: ☐ Opin ☐ Lokuð til: ☒ Háð leyfi verkkaupa
Upplag:	Verkstig: Loka	
Heiti skýrslu: Fornleifaskráning vegna breytinga á deiliskipulagi á Brjánslæk		Unnið fyrir: Jóhann Ágústson
Höfundur: Margrét Hallmundsdóttir		Verkefnastjóri: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir
Útdráttur Fornleifaskráning á 2,4 hektara landspildu í landi brjánslækjar vegna breytinga á deiliskipulagi. Heimild um eina fornleif er inn á svæðinu.		
Undirskrift verkefnastjóra: 		Yfirfarið af: KSR

EFNISYFIRLIT

1.	INNGANGUR	4
2.	SKRÁNINGARSVÆÐIÐ	4
3.	AÐFERÐAFRÆÐI	4
3.1	Tilgangur fornleifaskráningar	4
3.2	Skráning fornleifa	5
4.	SAGA BRJÁNSLÆKJAR	5
5.	HEIMILDASKRÁ	9
6.	FORNLEIFASKRÁ	10
7.	NIDURSTÖÐUR	11
8.	KORT	12

1. INNGANGUR

Að beiðni Jóhanns Ágústssonar ábúanda á Brjánslæk gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fornleifa könnun á 2.4 hektara túni við hlið kirkjunnar á Brjánslæk vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Vettvangskönnun fór fram 15. september 2025 og var gerð af Margrét Hallmundsdóttir fornleifafræðingi sem sá einnig um skýrslugerð.



Mynd 1. Staðsetning skráningarsvæðis

2. SKRÁNINGARSVÆÐIÐ

Skráningarsvæðið var 2,4 ha að stærð og var staðsett í túni vestan við gamla bæinn og kirkjuna á Brjánslæk.

3. AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar. Allir minjastaðir voru skráðir og teknir voru staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble Juno 5 uppmælitæki. Minjastöðum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

3.1 Tilgangur fornleifaskráningar

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16. gr. segir:

Skýlt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bolum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða

jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir:

fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonunnun umsvifalaust svo skera megir úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausum. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

3.2 Skráning fornleifa

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsíðu Minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið 3498 og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: 3498-001.

4. SAGA BRJÁNSLÆKJAR

Minnst er á Brjánslæk í Hausbók Landnámu en Hrafna-Flóki á að hafa tekið þar land. Í Landnámu segir að „*þeir Flóki sigldu vestr yfir Breiðafjörð ok tóku þar land, sem heitir Vatnsfjörðr við Barðaströnd. Þá var fjörðrinn fullr af veiðiskap, ok gáðu þeir eigi fyrir veiðum at fá heyjanna, ok dó allt kvikfé þeira um vetrinn. Þá var heldr kalt. Þá gekk Flóki upp á fjall eitt ok sá norðr yfir fjöllin fjörð fullan af hafisum; því kölluðu þeir landit Ísland, sem þat hefir síðan heitit. Þeir Flóki ætluðu brott um sumarit ok urðu búnir litlu fyrir vetr. Þar sér enn skálatópt þeira inn frá Br(i)anslæk ok svá hrófit ok svá seyði þeirra.*“¹

Minnst var á Brjánslæk í Tíundarlögum Íslendinga hinum fornu frá sem var rituð eftir skinnbók nr. 347. Fol. í safni Árna Magnússonar og talið að sú bók hafi verið skrifuð um 1370. Þar var sagt að á Brjánslæk byggi Bjarni, sonur Jóns biskups Arasonar² Í kirknaskrá frá 1200 var sagt að kirkja væri á Brjánslæk og að hún væri í Skálholtsumdæmi. ³ Árið 1467 keyptu Ari Guðmundsson og

¹ Íslendingabók og Landnáma, 1942, bls. 25

² Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn 1. bindi, 1947-1950, bls. 119

³ Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn 1-16. bindi, 1947-1950, bls. 13

Sveinn Brandsson Brjánslæk og Lækjareignir⁴ og einnig var minnst á Brjánslæk í skiptabréfi eftir Ólöfu Loptsdóttur milli Þorleifs og Einars Björnssona.⁵ Í neðanmálgrein í skjali sem nefndist Guðmundarpeningar frá árinu 1501 var minnst á að menn Einars Björnssonar drápu Bjarna Þórarinsson á Brjánslæk árið 1482.⁶ Árið 1504 gefur Jón Björnsson Bjarna Andréssyni allar löggjafir sýnar og tilgreinir þar Brjánslæk⁷ og minnst er á jörðina í skrá og reikningsskap um jarðagóss og eignir Bjarna, sem þá var andaður, árið 1509.⁸ Í Bréfabók Ögmundar frá 1519 var sagt að Biskup Ögmundi var dæmdur Brjánslækur til halds vegna kirkju niðurfalls, en hann gjörði kaup úr.⁹

Kirkja var á Brjánslæk og í Máldaga Brjánslækjarkirkju frá 1532 var sagt að kirkjan væri helguð ungfrú Maríu og hinum heilaga Gregorio. Kirkjan átti hálf heimlandið og hálfa Engey, jarðirnar Hlíð og Þverá, hálfan Peningsdal, Uppsali og Vatzdal með skógi og haga neðan frá Eiðsa og Þingmannaá. Kirkjan átti einnig alla selveiði með öllum fiðurgæðum á Eiði fyrir innan Skálmarnes, milli Sandvíkurness og Kerlingatanga.¹⁰ 1547 var kirkjan komin í eyði og engin prestskylda veittist að henni.¹¹ Í kaupmálabréfi frá 1551 var hálfur Brjánslækur talinn til kaups og konmundar¹² og í vitnisburði frá 1553 var sagt að Guðrún Björnsdóttir hefði fengið syni sínum, Eggerti Hannessyni, allt tilkall sem hún mætti eiga til Brjánslækjar.¹³ Árið 1563 kvittaði Eggert Hannesson um lausn hálfar jarðarinnar undan dómkirkjunni í Skálholti¹⁴

Í Gíslamáldaga frá 1570 voru eignir kirkjunnar á Brjánslæk taldar upp:

„Kirkian ä Briamslæk ä heimaland hällft. Eingey.

Item jardernar Hlijd og Thuerä. ønnur fyrer .x. aura leigd. enn ønnur fyrer .iiij. ærgillde. halffan peningsdal. Vppsale og allan Vatzdal med skoge og haga nedann frä Eidsaä og Thijngmannaä og framm ä Gielldneytatungur. so langt sem skoge er vaxid vtan skog i Hniotum i millum Thijngmannaär og Lambagilia er kirkian i Haga ä.

Item ä kirkian selveide alla med øllum fiørugjædum ä Eide fyrer innan Skälmanes millum Sandvijkurness og Kiellingartanga.

Item kirkiuskier tuø.

thangad liggia vnder .xij. Bæer ad tijundum og Lysetollum.

thar liggur til ein prestsskyllda og luka honum .iiij. merkur kaups.

Item ä kirkian sex mälnytu kugillde.

Item jnnann kirkiu .ij. messuklædi. eitt alltarisklæde. eirn silffur kaleikur. ij koparpijpur storar ä alltare. eitt glodarkier. ein klucka og korbialla. eirn lijtil koparhialmur.

Item steint tialld yffer alltare. eirn skrudarstockur og eirn järnkall.

⁴ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 5. bindi, 1947-1950, bls. 495-496

⁵ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 6. bindi, 1947-1950, bls. 256

⁶ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 7. bindi, 1947-1950, bls. 570

⁷ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 8. bindi, 1947-1950, bls. 197

⁸ Sama, bls. 266

⁹ Sama, bls. 704

¹⁰ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 9. bindi, 1947-1950, bls. 644-645

¹¹ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 11. bindi, 1947-1950, bls. 600-601

¹² Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 12. bindi, 1947-1950, bls. 314

¹³ Sama, bls. 511-512

¹⁴ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 14. bindi, 1947-1950, bls. 107-108

*Item fastagotz hundrad hundrada. Lxxx^c. og ijc.*¹⁵

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703 var sagt að jarðardýrleiki Brjánslækjar hafi verið þrjátíu hundruð og eigendur jarðarinnar voru Guðmundur Þorleifsson að Geirrauðareyri, sem átti tuttugu hundruð, og Árni Guðmundsson á Hóli í Bíldudal átti hin tíu hundruðin. Á hluta Guðmundar bjó Sr. Sigurður Snorrason og Jón Björnsson bjó á hluta Árna.

Heimilsmenn Sr. Sigurðar voru tíu og kvikfénaður hans voru fimm kýr, tvær veturgamlar kvígur, eitt þrívetra naut, einn kálfur, sextán ær, tólf geldsauðir, níu gemlingar og fjórir hestar. Á hluta Sigurðar var talið að gætu fóðrast fimm kýr, tólf ær og tíu lömb. Landskuld af hluta Sr. Sigurðar voru sex vættir sem voru oftast greiddar með ríkisdöllum með íslenskum taxta. Landeigandi lagði treglega til við til húsbóta og þurfti leiguliðinn að sækja hann sjálfur í kaupstaðinn. Engar kvaðir voru á hluta Sr. Sigurðar.

Landskuld á hluta Jóns Björnssonar voru áttatíu álnir sem voru stundum greiddar með fóðri en oftast með landaurum eftir landtaxta og lagði landeigandi til við til húsbóta. Leigukúgildin voru fjögur sem voru greidd með smjöri og engar kvaðir voru á hluta hans. Jón hélt þrjár kýr, eina kvígu, einn kálf, ellefu ær, þrjá gelda sauði, átta veturgamla sauði, einn hest og eitt hross. Þar var talið að gætu fóðrast þrjár kýr, tólf ær, tólf lömb og einn hestur. Heimilismenn Jóns voru sex.

Jörðin hafði rifhrís til eldiviðar í heimalandi, en notuðu skóg til raftviðar og kolagerðar í Vatnsdal. Grastekjan var talin lítilfjörleg og fé var beitt í fjörunni á veturna. Jörðin átti eyjuna Engey og voru þar góðar slægjur og beit fyrir lömb framan af vetri.

Kirkjan á Brjánslæk átti sker sem heitir Lækjarsker og hafði þar stundum uppdráp á selum á veturna, en þó var það farið að þrjóta þegar jarðabókin var gerð.¹⁶

Í Jarðabók Johnsen frá 1847 var dýrleiki jarðarinnar talinn þrjátíu hundruð, kúgildin voru 9, landskuldin 1.6 og ábúandinn var prestur.¹⁷

Kristian Kålund var á svæðinu árið 1877 og skoðaði Flókatóftir, hann lýsti þeim sem 4-5 tóftum en að þær væru að hluta frekar óljósar en að aðaltóftin væri ferhyrnd og um 9 faðma löng.¹⁸ Sigurður Vigfússon var á svæðinu sumarið 1889 og lýsti hann þar sex tóftum og furðaði sig á því að Kålund sá einungis 4-5. Hann sagði aðaltóftina tvískipta, um 16 metra að lengd og um 10 metra breið.¹⁹ Sigurður gróf þrífuskurði í allar sex tóftirnar og taldi að stærsta tóftin, eina tóftin sem hann fann einhverja gripi í, væri tóftin sem minnst var á í Hausbók Landnám²⁰. Um aldamótin 1900 fann Snæbjörn Kristjánsson frá Hergilsey tvö kuml á Brjánslæk, en þau má finna við austur enda uppistandandi vinnsluhúss hafnarinnar á Brjánslæk. Hann gróf stærra kumlið og fann þar mjög fúna beinagrind sem var með stóra steinhellu yfir brjóstinu, meðfram beinagrindinni var ryðrönd og túlkaði hann röndina sem leifar af vopni sem grafið var með einstaklingnum í kumlinu. Hann gróf ekki minna kumlið en taldi vegna stærðar þess að þar væri um barnakuml að ræða og hreyfði ekki við því (þó er búið að grafa það í dag).²¹ Árið 2005 fékk Fornleifastofnun Íslands leyfi til að grafa í bæði kumlin og var tilgangur þess að annarsvegar

¹⁵ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 15. bindi, 1947-1950, bls. 585-586

¹⁶ Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1924, bls. 269-271

¹⁷ J. Johnsen, 1847, bls. 180

¹⁸ P. E. Kristian Kålund, 1985, bls. 549

¹⁹ Sigurður Vigfússon, 1893, bls. 10

²⁰ Sigurður Vigfússon, 1893, bls. 11-15

²¹ Kristján Eldjárn, 2016, bls. 113-114

ganga úr skugga um hvort meint kuml hafi verið forn grafreitir og hinsvegar hvort þúst á nesinu norðan við kumlið sé manngerð eða náttúrumyndun?²² Ekki hafa fundist neinar skýrslur um þessa rannsókn eða hvort hún hafi yfir höfuð farið fram.

Kristján Eldjárn skoðaði Flókatóftir oft en einu sinni og efaðist hann um að tóftirnar væru eins gamlar og talið var. Röktuðdi hann það með því að hvorki var minnst á Flókatóftir í Sturlubók né Styrmissbók, heldur einungis í Hausbók Landnámu sem skrifuð var í kringum 1300.²³

Minjastofnun Íslands rannsakaði líka tóftirnar árin 2005 og 2012 og niðurstöður þeirra rannsókna voru að augljóslega séu þarna fornar tóftir, en ómögulegt sé að segja hvort um sé að ræða tóftir Flóka Vilgerðarsonar. Aldursgreiningar bentu til þess að búið hafi verið á svæðinu á nokkrum tímabilum, ein rústin gæti verið frá því í kringum landnám á meðan önnur gæti verið tveim til þremur öldum yngri (Þarna eru ekki taldar með yngri minjar frá Grund).²⁴

²² Minjastofnun Íslands, 2005

²³ Magnús A. Sigurðsson & Kristinn Magnússon, 2016, bls. 9

²⁴ Magnús A. Sigurðsson & Kristinn Magnússon, 2016, bls. 16

5. HEIMILDASKRÁ

Árni Magnússon & Páll Vídalín. (1924). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Dala- og Barðastrandarsýsla*. Kaupmannahöfn: S.L. Möller.

Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn 1-16. bindi. (1947-1950). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Íslendingabók og Landnáma. (1942). Reykjavík: Herbertsprent.

J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn: S. Trier.

Kristján Eldjárn. (2016). *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi* (3. útg.). (A. Friðriksson, Ritstj.) Reykjavík: Forlagið.

Lög um menningarminjar. (29. júní 2012). Sótt frá www.althingi.is: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>.

Magnús A. Sigurðsson & Kristinn Magnússon. (2016). *Flókatóftir á Barðaströnd. Rannsóknir 2004 og 2012*. Reykjavík: Minjastofnun Íslands.

Minjastofnun Íslands. (2005). *Fornleifarannsóknir 2005*. Sótt frá www.minjastofnun.is: <https://www.minjastofnun.is/media/frettir/Fornleifarannsoknir-2005.pdf>.

P. E. Kristian Kålund. (1985). *Íslenskir sögustaðir II*. Reykjavík: Örn og Örlygur.

Sigurður Vigfússon. (1893). Rannsóknir í Breiðafirði 1889. *Árbók hins íslenska fornleifafélags*, 1-23.

6. FORNLEIFASKRÁ

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
V- Barðarstrandarsýsla	Vesturbyggð	Brjánslækur	Brjánslækur
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Margrét Hallmundsdóttir	15.09.2025	305851	564891
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Heimild	Matjurtagarður	Landbúnaðarminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3498-001	1789-1950	 Túnakort af Brjánslæk. Stæðsti kassinn er matjurtagarðrinn. Önnur hús eru utan svæðis	
Vegg hæð	Veggjabykkt		
Ástand	Friðlýst		
Heimild	Nei		
Horfin	Hætta tilefni		
Já	Vegna framkvæmda		
Hættumat	Hættuorsök		
Hætta	Vegna framkvæmda		
Lýsing			
Á túnakorti sést matjurtagarður aftan við steipt íbúðarhús á Brjánslæk, nær hann inn á deiliskipulagsreitinn. Önnur hús sem sjást á túnakorti eru utan við svæðið. Garðurinn er horfinn í dag en þó er möguleiki að hleðslur úr honum hafi fundist í sumar þegar skurður var tekin aftan við íbúðarhúsið. Líklegt er að vestari endinn á garðinum sé líka í jörð eins og austari veggur hans sem líklega kom í ljós í sumar. Fornleifafræðingar voru við framkvæmdareftirlit á staðnum og er nú [sept 2025] verið að vinna við úrvinnslu og skýrslugerð.			
Ljósmynd / teikning		Umhverfi / staðhættir	
 Mynd 2. Mynd af skráningarsvæði [3498-001].		Svæðið er vestan megin við gamla bæjarhúsið á Brjánslæk og nær suður fyrir húsið og endar þar sem nú er slóði í túninu. Til austurs afmarkast það af heimreið að húsi og kirkju.	
		Athugasemd	
		Heimildir	
		Túnakort Brjánslækjar og heimildarmaður Jóhann Ágústsson.	

7. NIÐURSTÖÐUR

Svæðið sem skráð var er 2,4 hektarar af sléttu túni og voru engar minjar sjáanlegar. Á túnakorti sést að mögulega fer hluti af matjurtargarði [3498-001] sem var aftan við og til vesturs við íbúðarhúsið inn á deiliskipulagssvæðið.

Minjar fundust í skurðum aftan við húsið fyrr í sumar [2025] í könnunarskurðum vegna annara framkvæmda. Greinilegt að bæjarhóllinn er gamall miðað við dýpt á þeim minjum sem fundust neðst í skurðinum. Skýrsla um þá rannsókn er í vinnslu og hefur ekki komið út. Það er það álit skýrsluhöfundar, að við framkvæmdir sem fela í sér jarðrask verði fornleifafræðingur með framkvæmdaefirlit á efri hluta túnsins næst

bæjarstæðinu sem afmarkast af **grænni línu** á mynd 4. Ástæða þess er að bæir eru oft færðir úr stað í gegn um aldirnar. En þetta er aðeins tillaga skýrsluhöfundar.

Eins er vert að benda á að í menningarminjalögum segir að ef áður óþekktar minjar finnast við framkvæmdir skal stöðva framkvæmdina strax og hafa samband við Minjastofnun Íslands sem mun taka ákvörðun um framhaldið.



Mynd 3. Tillaga að svæði sem þarf að hafa gætur á, merk með grænu.

8. KORT

